

Nd.

17. Frumvarp til laga

um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sínu, hvort sem það er með ofaniburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum. Óheimilt er hvera- eða landeiganda að breyta að nokkru leyti farveg þess vatns, er hverinn þeytir frá sér, eða afrennsli laugar.

3. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér hverri og laugar eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó 4. gr.

Hann hefir rétt til að stífla frárennsli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan án þess hættu stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sérstök hættu stafar af.

4. gr.

Nú liggja landamerki um hverasvæði, þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugavatns liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá með mati skorið úr því, hvern hlutfallslegan rétt hver jörð hefir til jarðhitaorkunnar.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir að öðru leyti um réttindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill annar eða einhver jarðeigandi hagnýta hvera- eða laugaorkuna, sem er sameiginleg, en hinn eða hinir ekki, og getur þá sá, er hagnýta vill, notað alla orkuna kauplaust, en mannvirkjum skal hann haga þannig, ef við verður komið, að sá eða þeir, sem ekki taka þátt í verkinu, megi síðar hagnýta sér þann hluta orkunnar, sem hann eða þeir eiga tilkall til, án þess að breyta þurfi mannvirkjum að mun, og kostnað, sem leiðir af slíkri tilhögun, skal sá eða þeir, er síðar koma til, greiða. Nú hagnýtir sá eða þeir, er ekki tóku þátt í mannvirkjagerð, sér síðar orkuna og nota mannvirkin, og skal hann eða þeir þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldi. Framanskráð ákvæði gilda með afbrigðum eftir atvikum, ef nokkrir landeigendur, þegar um fleiri en tvo er að ræða, vilja hagnýta sér orkuna, en hinn eða hinir ekki. Ef ágreiningur rís um atriði þau, er að framan greinir, sker mat úr.

5. gr.

Nú vill jarðareigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu fyrr en það hefir verið álitid af matsmönnum og þeir talið það réttmætt.

6. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um kaup á slíkum réttindum fer sem um landkaup.

Þeim, er jarðhitasvæði eiga eða jörð, þar sem hverir eða laugar eru, skal skylt við sölu slíkra eigna að bjóða ríkissjóði þær til kaups áður en þær eru seldar öðrum.

Landbúnaðarráðuneytið skal innan fjöggra vikna frá því, er því barst kauptilboðið, segja til, hvort ríkissjóður vill nota forkaupsrétt sinn. Að öðru leyti fer um sölu slíkra eigna og forkaupsrétt eins og fyrir er mælt í lögum nr. 55 15. júní 1926.

7. gr.

Ríkissjóður á rétt á að taka hveraorku jarðar eignarnámi til almenningsafnota. Ef héraðsstjórn (kaupstaður, sýsla eða hreppur) telur rétt að taka hveraorku einhverrar jarðar til almennra afnota í héraðinu, og fær til þess samþykki ráðherra, þá hefir hún rétt til að taka orkuna eignarnámi, þó þannig, að jarðareigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega hveraorku til nauðsynja sinna, til eigin heimilis- og búsparfa, nema hann óski heldur endurgjalds í peningum einnig að því leyti. Um eignarnámið fer að öðru leyti eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

8. gr.

Nú er hveraorka talin meiri en svo, að hún nægi jarðareiganda einum og héraðsbúum, eftir að fram hefir farið rannsókn sú, sem rætt er um í 10. gr., og hefir ríkið þá rétt til að taka hverina eignarnámi á sama hátt sem segir í 7. gr.

9. gr.

Þegar búið er að taka hverina eignarnámi, sbr. 7. og 8. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

10. gr.

Ríkið hefir rétt til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitt-hvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í té við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

11. gr.

Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er, eða jarðhitasvæði eiga, er heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans. Skal ríkið veita mönnum slíka aðstoð ókeypis, eftir því sem ástæður leyfa og fé er veitt til þess í fjárlögum. Á sama hátt skal ríkið veita mönnum aðstoð um samning kostnaðar-áætlunar um notkun jarðhitans.

12. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem jarðhita nytja, fer eftir ákvæðum vatnalaga, um raforkuver og veitur, og eftir ákvæðum laga nr. 7 15. júní 1926, um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra, er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vélum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum.

13. gr.

Um matsgerðir þær, er getur í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923.

14. gr.

Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Svo hljóðandi at-
hugasemdir fylgdu því þá:

„Jarðhiti hér á landi hefir vafalaust mikið verðmæti í sér fólgið fyrir land og
lýð. Það varðar þess vegna ekki litlu, á hvern hátt hann verður notaður. Af lög-
gjafarvaldsins hálfu hefir lítið verið gert til þess að greiða fyrir notkun jarðhitans
og tryggja það, að þessum hlunnindum verði ekki spillt.

Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum, að tryggja almenningi, eftir því
sem hægt er, not þessara verðmæta og vernda þau fyrir því, að þeim verði spillt.

Fyrir nokkrum árum var frumv. um þetta efni flutt á þingi, og í sumum atrið-
um er efni þessa frumv. svipað, en heildarstefna þess er þó á allt annan veg.

Nánar í framsögu.“